

Bodensee - Lugano

Þetta er vorferð að Bodenvatni, sem er fegursta vatn Þýskalands og að Luganovatni í Sviss. Gistum m.a. við Bodenvatn í 4 nætur og förum í skoðunarferðir til Lindau, Konstanz og ekki má gleyma blómaeyjunni Mainau. Seinni hluti ferðarinnar er við vatnið Lugano í Sviss, þaðan sem farið verður í skoðunarferðir að Maggiorevatni, Ascona, Locarno og fleiri litlir bæir sóttir heim.

Fararstjóri: Marianne Eiriksson

Verð: 108.600 kr. á mann í tvíbýli. **Mikið innifalið.**

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA

Skólavörðustíg 13
Sími 510 3800
Fax 510 3801
www.husavik.net
Reynir Björnsson
Lögg. fasteignasali

HAMRAVÍK 18 - SÉRINNGANGUR





Mjög glæsileg og vel skipulögð3ja herbergja 105,5 fm íbúð á 2. hæð með sérinngangi í fallegu fjölbýlishúsi. Flísalögð forstofu með skáp. Tvö stór svefnherbergi með skápum. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf með baðkari, glugga og innréttingu. Geymsla með hillum sem er nýtt í dag sem vinnuherbergi. Björt stofa og stórt og glæsilegt eldhús með fallegum innréttingum, fallegum stjórum hornglugga og útgangi út á rúmgóðar suðvestur svalir. Stór innréttning er í eldhúsi og pláss fyrir borðstofuborð. Inn af eldhúsi er stórt þvottahús með glugga sem hægt er að nýta líka sem geymslu. Í eigninni eru stórir gluggar sem gefa góða birtu. Parket á gólfum. Verð 23,9 millj.

HÚSAVÍK – ÞAR SEM GOTT ORÐSPOR SKIPTIR MÁLI



HÚSEIGN
Fasteignamiðlun



Strandvegur 26 - 210 Garðabæ
OPIÐ HÚS Í DAG, SUNNUDAG, KL.16-17



Bjalla 0201

Stórglæsileg 2ja-3ja herb. íbúð ásamt stæði í bílageymslu í Bryggjuhverfinu í Garðabæ. Allar innréttingar, tæki og gólfefni eru fyrsta flokks. Möguleiki er á að bæta við öðru svefnherbergi í íbúðinni.

Þetta er eign fyrir vandláta.

Allar nánari upplýsingar gefur Marel Baldvinsson s: 846-8409 eða á skrifstofu Húseignar í síma 585-0100. Verð 23,9 millj.

Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali
Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100




Fáðu úrslitin send í símann þinn | mbl.is

Myndlist | Guðjón Bjarnason sýnir í Listasafni Reykjavíkur

Skapandi eyðilegging

Eftir Þormóð Dagsson
thorri@mbl.is



Morgunblaðið/Ómar

Verk Guðjóns eru hugsuð sem persónuleg yfirlýsing um merkingu og hlutverk listarinnar í sjálfri sér innan samtímans.

„ÖFUGT við sprengingar samtímans, sem ætlaðar eru til eyðileggingar, þá eru sprengingar mínar ætlaðar til að gæða hlutina lífi og aukinni merkingu," segir listamaðurinn og arkitektinn Guðjón Bjarnason en í dag verður opnuð sýning á verkum hans í Listasafni Reykjavíkur sem ber yfirskriftina „AFsprengi HUgsunar – Sprengiverk Guðjóns Bjarnasonar". Það mætti segja að pensill Guðjóns væri einna helst dínamítið en sprengiverk hans, þar sem hann sprengir í sundur stálrör og stillir síðan bútunum upp, hafa vakið mikla athygli hér heima og erlendis. Að sögn listamannsins eru verk hans hugsuð sem persónuleg yfirlýsing um merkingu og hlutverk listarinnar í sjálfri sér innan samtímans. Verkin eru í senn óendanleg og afmörkuð.

Að örva skynjunina

Í porti Hafnarhússins er ákaflega stórt verk sem fyllir vel út í portið. Það ber heitið „MurMur Woogie Desert" og er um að ræða ótal brot úr málmstrendingum sem sprengdir voru upp í grjótnámu í Geldinganesi. Brotunum hefur síðan verið stillt upp í portinu af mikilli nákvæmni. „Þetta verk er endurgerð atburðarins í Geldinganesi," segir Guðjón. „Að vissu leyti er verið að endursviðsetja atburðinn til þess að skilja raunverulega hvað gerðist." Guðjón leggur mikið upp úr þessu líkingahlutverki myndlistarinnar, að myndlistin eigi að örva og efla skynjun okkar svo við áttum okkur á því sem er að gerast í samtímanum hverju sinni.

Brotunum raðað

Í fjölnotasalnum verður sýnt kvikmyndaverk sem Guðjón gerði í samvinnu við Helga Sverrisson kvikmyndagerðarmann. Það er fimm mínútna verk sem sýnir hægfara ummyndun skúlptúrsins í portinu. „Þar er sýnt það sem raunverulega gerðist við myndun skúlptúrsins og það fært yfir í ljóðrænt form. Enn og aftur er hér verið að benda á eyðilegginguna sem möguleika á að verða skapandi og jákvæður kraftur en ekki öfugt. Það má segja að verk mín fjalli um að búa til óafturkræft og eyðilagt ástand þar sem manneskjan getur endurraðað brotunum í huganum og reynt að skapa úr þeim heillegt ástand."

Akkilesarhæll

Á annarri hæð safnsins eru um tuttugu skúlptúrar sem hefur verið komið fyrir á víð og dreif um salinn. Að þessum skúlptúrum hefur hann unnið meira og minna síðastliðinn áratug í grjótnámum við jaðar borgarinnar. „Hugmyndin er að gæða dautt byggingarefni lífi með því að gæða það nýjum merkingarfræðilegum möguleikum við sprenginguna. Við það að sprengja verkin opnast nýir merkingarmöguleikar."

Guðjón lítur svo á að listamaðurinn sjálfur sé akkilesarhæll sköpunar þar sem inni í hverjum listamanni séu alltaf takmörk fyrir ímyndunaraflinu. Með sérstökum aðferðum sé aftur á móti hægt að losa um allar slíkar hömlur. „Með því að notast við sjálfræna miðla eins og dínamít er listaverkið skapað fyrir mann. Þannig nær maður að fara fram úr hugsuninni og búa til eitthvað sem er listþrungnara," segir Guðjón.

Listaverkabók kynnt

Í fjölnotasalnum verður sýnt uppkast að bók sem kemur út í tengslum við sýninguna. Þar má lesa texta eftir tuttugu og átta erlenda fræðimenn. Þetta eru ýmist arkitektar, skáld, listamenn, listgagnrýnendur eða sagnfræðingar og skrifa um verk Guðjóns frá sínum sjónarhóli. Megintextann skrifar dr. Richard Vine, ritstjóri Art in America, en hann verður viðstaddur á sunnudaginn þar sem fjallað verður um verk Guðjóns. Auk þess mun hann flytja sjálfstæðan fyrirlestur á miðvikudaginn um meginþætti alþjóðlegrar listsköpunar.

Shostakovich í Seltjarnarneskirkju

PÍANÓKONSERT nr. 2 eftir Shostakovich verður meðal efnis á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna í Seltjarnarneskirkju í dag. Stjórnandi er Óliver Kentish og einleikari Ástríður Alda Sigurðardóttir.

Á tónleikunum verður einnig fluttur forleikur að óperu Rossinis, *Rakaranum í Sevilla*, og verkið *Vocalise* eftir Rachmaninov leikið.

Í tilkynningu segir að með flutningi píanókonsertsins taki hljómsveitin þátt í þeirri endurvakningu á verkum Shostakovich sem átt hefur sér stað á síðustu árum hér á landi.

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna var stofnuð 1990 og eru meðlimir hennar flestir með langt tónlistarnám að baki en hafa atvinnu af öðru en hljóðfæraleik.

Tónleikarnir í Seltjarnarneskirkju hefjast kl. 17 og fá nemendur og eldri borgarar helmingsafslátt af miðaverði.



Morgunblaðið/Ásdís

Ástríður Alda Sigurðardóttir er einleikari á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna.

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

ATVINNUHÚSNÆÐI

Reykjavíkurvegur - Hf.
Byggingaréttur



Nýkomin í sölu heil húseign, ca 450 fm, rúmgóð sérlóð, möguleiki á byggingarrétti m.a. íbúðir o.fl. Frábær staðsetning. Verðtilboð.

Magnús Emilsson löggiltur fasteignasali Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði

Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
stofnað 1918 sími 551 2725